SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

# NINA STEMME & STUART SKELTON

23. OKTÓBER 2025
ELDBORG HARPA

# VELKOMIN

VINSAMLEGAST HAFIÐ SLÖKKT
Á FARSÍMUM MEÐAN Á
TÓNLEIKUM STENDUR

TÓNLEIKAGESTIR ERU BEÐNIR UM
AÐ KLAPPA AÐEINS Í LOK TÓNVERKS

TÍMALENGD VERKA:

**FORLEIKUR: 9'**
**SINFÓNÍA: 22'**
**ÚR TRISTAN OG ÍSOLD: 30'**

Tónleikunum er útvarpað beint á Rás 1

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.

Reykjavík

Stjórnarráð Íslands
Menningar-, nýsköpunar og háskólaráðuneytið

SAMSTARFSAÐILI
Radisson BLU 1919 HOTEL, REYKJAVIK

STOLTUR BAKHJARL
KVIKA Eignastýring

BAKHJARL Í FLUTNINGUM
TVG-ZIMSEN

# NINA STEMME & STUART SKELTON

**TÓNLEIKAR Í ELDBORG 23. OKTÓBER**

**SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS**

**PIETARI INKINEN**
HLJÓMSVEITARSTJÓRI

**NINA STEMME**
**STUART SKELTON**
**HANNA DÓRA STURLUDÓTTIR**
EINSÖNGVARAR

**RICHARD WAGNER**
Forleikur að *Meistarasöngvurunum frá Nürnberg* (1862)

**ÍGOR STRAVINSKÍJ**
Sinfónía í þremur þáttum (1942–45)
- Allegro
- Andante – Interlude (L'istesso tempo)
- Con moto

**HLÉ**

**RICHARD WAGNER**
Úr *Tristan og Ísold* (1857–59)
- Forspil að fyrsta þætti
- Atriði úr öðrum þætti og niðurlag verksins

For information in English about tonight's programme, please visit the Iceland Symphony Orchestra website: en.sinfonia.is

*Fyrirhugað var að Eva Ollikainen myndi stjórna þessum tónleikum, en vegna forfalla mun samlandi hennar Pietari Inkinen stjórna í kvöld.*

# PIETARI INKINEN

**HLJÓMSVEITARSTJÓRI**

Finninn Pietari Inkinen er í fremstu röð hljómsveitarstjóra samtímans, rómaður fyrir stórhuga túlkun og afburða tækni. Hann hefur stjórnað mörgum helstu hljómsveitum heims eins og Concertgebouw-hljómsveitinni í Amsterdam, Sinfóníuhljómsveit bæverska útvarpsins, Gewandhaus-hljómsveitinni í Leipzig, Accademia Nazionale di Santa Cecilia í Róm, Fílharmóníusveit franska útvarpsins, Sinfóníuhljómsveitinni í Sydney, Cleveland-hljómsveitinni og Fílharmóníusveit Los Angeles, svo nokkrar séu nefndar.

Tónlist Wagners hefur skipað ríkulegan sess á ferli Inkinens. Hann stýrði *Niflungahringnum* í tvígang (2013 og 2016) við mikinn orðstír hjá Áströlsku óperunni í Melbourne og snéri þangað aftur haustið 2018 til þess að stjórna *Meistarasöngvurunum frá Nürnberg*. Sumarið 2023 stýrði hann hinni nýju uppfærslu Hringsins á Wagner-hátíðinni í Bayreuth og í vor þreytti hann frumraun sína í Sviðslistamiðstöðinni í Beijing í Kína þar sem hann stjórnaði *Valkyrjunni* í nýrri uppfærslu Davides Livermore. Tónleikauppfærslur á verkum Wagners hafa einnig verið snar þáttur í starfi Inkinens og hann stjórnaði einmitt Wagnertónleikum Fílharmóníusveitarinnar í Helsinki í liðinni viku. Þá vann hann með tenórsöngvaranum Simon O'Neill og Sinfóníuhljómsveit Nýja-Sjálands að rómuðum Wagnerdiski fyrir EMI-útgáfuna árið 2010. Nýjasta hljóðritun Inkinens er með Fílharmóníusveit þýska útvarpsins (DRP) þar sem hann stjórnar verkum eftir Antonín Dvořák.

Pietari Inkinen er íslenskum áheyrendum að góðu kunnur því hann hefur stýrt allnokkrum eftirminnilegum tónleikum með Sinfóníuhljómsveit Íslands, síðast í janúar 2020. Hann er einnig fiðluleikari, iðkar kammertónlist og hefur oft stjórnað hljómsveitum frá einleikarapallinum. Árið 2023 var gerð um hann heimildarmyndin *Ein Taktstock und ein Reisepass* (Tónsproti og vegabréf).

# NINA STEMME

**EINSÖNGVARI**

Sænska sópransöngkonan Nina Stemme er löngu heimsþekkt fyrir túlkun sína á dramatískum hlutverkum, ekki síst í síðrómantískum óperum „Ríkharðanna“ Wagners og Strauss. Nafn hennar er tíðum nefnt í sömu andrá og þeirra Kirsten Flagstad og Birgit Nilsson og hún þykir bera áfram listrænan arf þessara miklu norrænu söngkvenna. Árið 2018 hlaut Stemme verðlaunin sem kennd eru við Nilsson, en þau eru ein mesta viðurkenning sem söngvurum getur hlotnast.

Stemme vakti fyrst verulega athygli árið 1993 þegar hún sigraði í Operalia-keppninni sem tenórsöngvarinn Plácido Domingo stóð fyrir. Hún hefur á ferli sínum sungið í öllum helstu óperuhúsum heims og sópað til sín viðurkenningum. Hún fór í fyrsta sinn með hlutverk Ísoldar í óperu Wagners árið 2003 í Glyndeborne óperunni á Englandi undir stjórn Antonios Pappano. Domingo söng Tristan á móti henni og var flutningurinn gefinn út á plötu. Stemme hefur síðan tekið þátt í þremur öðrum hljóðritunum verksins, undir stjórn Jiřís Bělohlávek, Mareks Janowski og Franz Welser-Möst. Síðastnefndi flutningurinn var með kór og hljómsveit Vínaróperunnar en þar var Stemme útnefnd heiðursfélagi í hittifyrra og hún mun næst stíga þar á svið í desember þegar hún fer með hlutverk Klýtemnestru í óperunni *Elektru* eftir Richard Strauss.

# STUART SKELTON

**EINSÖNGVARI**

Ástralinn Stuart Skelton er áheyrendum hérlendis að góðu kunnur, allt frá því að hann fór með titilhlutverkið í tónleikauppfærslu óperunnar *Peter Grimes* eftir Benjamin Britten á Listahátíð í Reykjavík 2015 í samvinnu Íslensku óperunnar og Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Sex árum síðar, í miðjum heimsfaraldri, kom hann aftur fram með hljómsveitinni er hann söng Wesendonck-ljóðin eftir Richard Wagner en þau samdi tónskáldið einmitt meðan hann vann að óperunni *Tristan og Ísold*.

Skelton er meðal eftirsóttustu hetjutenóra samtímans og hefur sungið við mörg helstu óperuhús heims. Hann hefur hlotið ýmsar viðurkenningar í heimalandi sínu og í Bretlandi og var kjörinn karlsöngvari ársins 2014 á International Opera Awards. Tveimur árum síðar fór hann með hlutverk Tristans í fyrsta sinn, á tónlistarhátíðinni í Baden-Baden, og sama haust opnuðu þau Nina Stemme leikárið á Metropolitan-óperunni í New York sem Tristan og Ísold undir stjórn Simons Rattle. Á næsta leikári á eftir þreytti Skelton frumraun sína á La Scala í Mílanó og árið 2018 kom hann í fyrsta sinn fram í Covent Garden í Lundúnum þar sem hann söng hlutverk Siegmunds í *Valkyrjunni* undir stjórn Anthony Pappano. Í vetur mun Skelton syngja Tristan bæði í Bandaríkjunum og Suður-Kóreu.

# HANNA DÓRA STURLUDÓTTIR

**EINSÖNGVARI**

Hanna Dóra Sturludóttir hefur um árabil verið ein af okkar fremstu söngkonum og átt farsælan feril í óperum og tónleikahúsum víða um heim, þar á meðal í Þýskalandi, Póllandi, Austurríki, Frakklandi, Kanada, Egyptalandi og Katar. Síðastliðinn vetur söng Hanna Dóra aðalhlutverkið í *Innocence*, óperu finnska tónskáldsins Kaiju Saariaho, við óperuhúsið í Gelsenkirchen í Þýskalandi og hreppti fyrir það leikhúsverðlaun borgarinnar (Gelsenkirchener Theaterpreis). Hanna Dóra hefur sungið hlutverk í fjölmörgum sýningum Íslensku óperunnar og komið fram sem einsöngvari með Sinfóníuhljómsveit Íslands, Kammersveit Reykjavíkur og Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, ásamt fjölda erlendra hljómsveita. Hún er prófessor og fagstjóri söngs við tónlistardeild Listaháskóla Íslands.

Hanna Dóra hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin árið 2014 fyrir túlkun sína á Eboli prinsessu í óperunni *Don Carlos* eftir Verdi í uppsetningu Íslensku óperunnar. Hún vakti einnig verðskuldaða athygli fyrir frammistöðu sína í óperunni *KOK* eftir Þórunni Grétu Sigurðardóttur sem hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin sem tónlistarviðburður ársins 2021. Þá hefur Hanna Dóra tvisvar verið tilnefnd til Grímuverðlauna sem söngvari ársins, nú síðast fyrir hlutverk sitt í *Brím*, nýrri óperu eftir Friðrik Margrétar-Guðmundsson sem sett var upp fyrr á þessu ári.

# RICHARD WAGNER

## FORLEIKUR AÐ MEISTARASÖNGVURUNUM FRÁ NÜRNBERG



**TÓNLISTIN OG SÍ**
Forleikurinn að Meistarasöngvurunum hljómaði fyrst í flutningi Sinfóníuhljómsveitarinnar á tvennum tónleikum í Þjóðleikhúsinu í júní 1953 undir stjórn Olavs Kielland og með tilstyrk kammerhljómsveitar frá Hamborg. Sveitin lék svo verkið af og til það sem eftir lifði aldarinnar, svo sem á óperutónleikum 1978 og 1981 og á reglulegum tónleikum sveitarinnar þar sem stjórnuðu þeir Klauspeter Seibel (1983), Thomas Sanderling (1986) og Petri Sakari (1996).

Segja má að Richard Wagner (1813–1883) hafi umbylt óperu 19. aldar. Enda þótt óperur hans hafi í fyrstu byggst á þeim grunni sem Carl Maria von Weber og aðrir frumkvöðlar þýskrar rómantískrar óperu lögðu, þá átti hann eftir að þenja þetta listform til hins ýtrasta svo það varð næsta óþekkjanlegt frá því sem áður var. Wagner sagði skilið við hefðbundna skiptingu óperunnar í aríur og samsöngsatriði; hann lét tónlistina flæða áfram án slíkra kaflaskila, jók hlutverk hljómsveitarinnar til muna og beitti leiðarstefjum til þess að binda verkin saman í eina órofa heild. Yrkisefni sín sótti hann gjarnan í heim goðsagna og ævintýra og skrifaði texta verka sinna sjálfur svo hann hefði fullt frelsi til þess að móta saman orð og tónlist.

*Meistarasöngvararnir frá Nürnberg* er að ýmsu leyti ódæmigerð Wagner-ópera. Hún er eina fullburða gamanóperan sem Wagner samdi og jafnframt sú eina þar sem persónur og atburðir eiga sér sögulegar fyrirmyndir – verkið lætur hann gerast á 16. öld. Meistarasöngvararnir sem titillinn vísar til eru handverksmenn sem einnig stunda skáldskap og söng og hafa með sér gildi, það er að segja félagsskap sem setur reglur um skáldskapinn og flutning hans. Hugmyndina að óperunni fékk Wagner strax árið 1845 og hann gerði þá fyrstu drög að verkinu. Það átti að fylgja á eftir óperunni *Tannhäuser* og vera eins konar kómískt mótvægi við hana en í báðum verkunum etja söngvarar kappi. Vinnan við *Meistarasöngvarana* dróst þó á langinn; í millitíðinni skrifaði Wagner *Lohengrin* og *Tristan og Ísold* og vann að *Niflungahringnum*. Árið 1862 hóf Wagner loks að skrifa librettó *Meistarasöngvaranna* og sama ár samdi hann forleikinn sem var frumfluttur í Leipzig í nóvember það ár undir stjórn tónskáldsins sjálfs. Það liðu fimm ár í viðbót þar til óperan var fullgerð og hún var loks frumsýnd í München árið 1868 við góðar undirtektir.

# ÍGOR STRAVINSKÍJ

## SINFÓNÍA Í ÞREMUR ÞÁTTUM



**TÓNLISTIN OG SÍ**
Sinfóníuhljómsveitin lék Sinfóníu í þremur þáttum í fyrsta sinn á aldarafmæli tónskáldsins árið 1982, undir stjórn þáverandi aðalhljómsveitarstjóri síns, Jean-Pierre Jacquillat. Verkið hefur hljómað þrisvar sinnum síðan í flutningi sveitarinnar; fransk-bandaríski hljómsveitarstjórinn Georges Pehlivanian stjórnaði því í mars 2001 og Ilan Volkov í janúar árið 2010 en í febrúar 2017 hljómaði sinfónían fyrst í Eldborg, undir stjórn Matthews Halls.

Ígor Stravinskíj (1882–1971) samdi fjórar sinfóníur á ferli sínum sem eru afar ólíkar innbyrðis. Sú fyrsta var skólastykki, samin árið 1907 þegar Stravinskíj nam undir handarjaðri landa síns Rimskíj-Korsakovs, og ber hún mikinn keim af rússneskri tónsmíðahefð 19. aldar. Rúmir tveir áratugir liðu þar til Stravinskíj tókst næst á við sinfóníuformið. Í millitíðinni varð hann heimsþekktur, ekki síst fyrir sína framúrstefnulegu balletttónlist, en þegar *Sálmasinfónían* varð til árið 1930 var hann enn kominn á ný mið og sótti nú fyrirmyndir aftur í tímann. *Sálmasinfónían*, sem samin er fyrir kór og hljómsveit, byggir í ýmsu á tónsmíðaaðferðum barokktímans en *Sinfónía í C-dúr*, sem Stravinskíj lauk árið 1940, kinkar aftur á móti kolli til meistara sinfóníusmíða á 18. öld, Haydns og Mozarts. Fjórða og síðasta sinfónían á sér annars konar tilurðarsögu. Stravinskíj hóf að semja hana árið 1942 eftir pöntun frá Fílharmóníusveitinni í New York. Hann var ekki viss um það, framan af, hvaða form þetta nýja verk mundi taka en var þó ákveðinn í að píanóið myndi fá þar einleikshlutverk. Verkið varð á endanum að *Sinfóníu í þremur þáttum* sem tónskáldið lauk árið 1945, rétt í þann mund sem síðari heimsstyrjöldin rann sitt skeið.

Stravinskíj talaði um verkið sem „stríðssinfóníu“ sína sem samin hefði verið á erfiðum og hvikulum tímum, þar sem í senn ríkti von og örvænting, stöðugar þjáningar, spenna, og svo léttir þegar átökunum linnti loks. Hann lét þess jafnframt getið að sumt í verkinu hefði kveikst af fréttakvikmyndum, meðal annars hefðu myndir af sviðinni jörð í Kína, eftir árásir Japana, haft áhrif á fyrsta þátt sinfóníunnar. Það er einmitt í fyrsta þættinum sem píanóið hefur stærst hlutverk. Í öðrum þætti er harpan aftur á móti í öndvegi áður en millispil leiðir yfir í lokaþáttinn sem hefst á eins konar skrumskældum hermarsi. Einleikshljóðfærunum, píanói og hörpu, er síðan aftur teflt fram og smátt og smátt byggist upp eftirvænting sem fær lausn í bjartsýnum lokahljómi.

# RICHARD WAGNER

## TRISTAN OG ÍSOLD



**TÓNLISTIN OG SÍ**
Algengt er að hljómsveitir flytji forspil óperunnar ásamt umritun á lokum hennar (Liebestod) og það hefur Sinfóníuhljómsveit Íslands líka gert, í fyrsta sinn á tvennum tónleikum í Háskólabíói árið 1978 með Wilhelm Brückner-Rüggeberg, hljómsveitarstjóra við óperuna í Hamborg. Aftur hljómaði umritunin í mars 1992 þegar Igor Kennaway stjórnaði og síðast í febrúar 2021 undir stjórn Evu Ollikainen. En hljómsveitin hefur einnig flutt þessa tónlist með söngkonu: Grace Bumbry söng á Listahátíð 1992 undir stjórn Johns Barker, Magnea Tómasdóttir í maí 2003 undir stjórn Gregors Bühl og Ruth Marie Nicolay í nóvember 2006 þegar Johannes Fritzsch hélt um tónsprotann.

Óperan *Tristan og Ísold* varð til á árunum 1857–59 þegar Wagner gerði hlé á vinnu sinni við *Niflungahringinn* þar sem hann smíðar sögu að mestu úr forníslenskum hetjukvæðum, eins og kunnugt er. Hann leitaði þó ekki út fyrir heim miðalda að yrkisefni nýju óperunnar heldur sótti það í frægt franskt söguljóð frá tólftu öld um elskendurna nafntoguðu sem „var ekki skapað nema skilja“ eins og segir í hinu íslenska *Tristrams kvæði*. Franska ljóðið var meðal annars reist á keltneskum sagnaarfi enda gerist sagan á Írlandi og á Bretlöndum nyrðra (Wales og Cornwall) og syðra (Bretagne). Þýska skáldið Gottfried af Strassborg sneri verkinu frjálslega á þýska tungu um 1210 — og úr þeirri gerð moðaði Wagner — en stuttu síðar varð einnig til norræn þýðing, *Saga af Tristram og Ísönd*, sem varðveist hefur í íslenskum handritum.

Tristan er systursonur Marke konungs á Kornbretalandi og er sendur til Írlands að sækja honum brúði, konungsdótturina Ísoldu. Það er ekki í fyrsta sinn sem þau sjást: Ísold hafði fundið helsærðan riddara á sinni heimaslóð og hjúkrað honum til lífs en komist þá að því að þar var á ferð Tristan, sá sem vegið hafði unnusta hennar. Í upphafi óperunnar er Ísold komin á skip Tristans ásamt þjónustumey sinni. Hún er ævareið Tristani fyrir blekkingar og svik og krefst þess að hann drekki með sér iðrunarskál — sem ætlunin er að sé banvæn. Þegar til kemur er það ekki eitur sem þjónustumærin Brangäne hefur bruggað, heldur ástardrykkur sem verður til þess að þau Tristan og Ísold mega ekki hvort af öðru sjá.

Annar þáttur verksins gerist í kastala Markes og kjarni hans er ástarfundur sem elskendurnir eiga um nótt, meðan konungurinn og menn hans eru á veiðum. Þau eru frá sér numin af ást og skeyta ekki um viðvaranir Brangäne sem veit að Melot, félaga Tristans, er farið að gruna hvað er á seyði. Hún kallar til þeirra að dögun sé í nánd, en ekkert stoðar, og þegar morgnar koma þeir Melot og konungurinn að elskendunum í faðmlögum. Þættinum lýkur á einvígi Melots og Tristans þar sem sá síðarnefndi kastar frá sér sverði sínu

en það verður til þess að Melot nær að særa hann. Í þriðja þætti er Tristan kominn heim til Bretagne og liggur þar fyrir dauðanum af völdum sára sinna. Ísold siglir yfir hafið og kemst alla leið að rekkju hans en það er um seinan. Í lokaatriði óperunnar sem oft gengur undir nafninu Liebestod, lýsir Ísold draumsýn um að Tristan rísi upp heill og hún berist með honum inn í „andardrátt heimsins“ — en hnígur síðan niður örend.

Á þeim tíma er Wagner vann að *Tristan og Ísold* hafði hann orðið fyrir áhrifum af þýskri hughyggju, meðal annars hugmyndum um möguleika mannshugans til þess að tengjast hinu yfirskilvitlega, þess sem er handan heimsins (*transcendental*). Slíkar pælingar eru samslungnar hugmyndum um hið guðlega, um sameiningu einstaklingsins við einhvers konar alheimsanda, en í *Tristan og Ísold* má segja að það sé algleymi ástarinnar sem færi persónurnar á æðra stig veruleikans – einnig í dauðanum. Tónmálið ber keim af spennu, af fullnægju sem slegið er á frest, því það einkennist af krómatík og hljómum sem leysast ekki upp eins og vænst er. Það er ekki fyrr en í lokaatriðinu að tökunum sleppir og ástarsælan fullkomnast: *höchste Lust!* (æðsti unaður) eru síðustu orð verksins.

Wagner lá reyndar ekki eingöngu í heimspekiritum meðfram því sem *Tristan og Ísold* varð til. Hann varð á þessum tíma ákaflega ástfanginn af ljóðskáldinu Mathilde Wesendonck, enda þótt bæði væru þau gift öðrum. Haustið 1857 samdi hann tónlist við fimm ljóða hennar og lýsti tveimur þeirra, „Träume“ og „Im Treibhaus“, sem æfingum fyrir *Tristan og Ísold*. Hvort þau Mathilde hafi kannað saman hinn æðsta unað veit enginn, en kynni Wagners af henni og ljóðum hennar höfðu afgerandi áhrif á tilurð verksins.

*Svanhildur Óskarsdóttir*

## „O SINK HERNIEDER“
## DÚETT ÚR „TRISTAN UND ISOLDE“

*Tristan und Isolde zusammen:*
O sink hernieder,
Nacht der Liebe,
gib Vergessen,
dass ich lebe;
nimm mich auf
in deinen Schoss,
löse von
der Welt mich los!

*Tristan:*
Verloschen nun
die letzte Leuchte;

*Isolde:*
was wir dachten,
was uns deuchte;

*Tristan:*
all Gedenken –

*Isolde:*
all Gemahnen –

*Beide:*
heil'ger Dämm'rung
hehres Ahnen
löscht des Wähnens Graus
welterlösend aus.

*Isolde:*
Barg im Busen
uns sich die Sonne,
leuchten lachend
Sterne der Wonne.

*Tristan:*
Von deinem Zauber
sanft umsponnen,
vor deinen Augen
süss zerronnen;

*Isolde:*
Herz an Herz dir,
Mund an Mund;

*Tristan:*
eines Atems
ein'ger Bund;

*Beide:*
bricht mein Blick sich
wonnerblindet,
erbleicht die Welt
mit ihrem Blenden:

## „Ó SÍG ÞÚ NIÐUR“
## DÚETT ÚR „TRISTAN OG ÍSOLD“

*Tristan og Ísold saman:*
Ó síg þú niður
nótt ástarinnar,
lát mig gleyma
að ég lifi;
tak mig upp
í kjöltu þína,
losaðu mig
frá veröldinni!

*Tristan:*
Nú er slokknaður
síðasti bjarminn;

*Ísold:*
það sem við héldum,
það sem okkur fannst;

*Tristan:*
allar hugsanir –

*Ísold:*
allar minningar –

*Bæði:*
göfugt hugboð
heilags rökkurs
máir burt skelfingu óranna
og leysir okkur frá heiminum.

*Ísold:*
Sólin faldi sig
í brjóstum okkar,
hlæjandi skína
stjörnur alsælunnar,

*Tristan:*
Mjúklega umvafin
töfrum þínum,
blíðlega horfin
fyrir augum þínum;

*Ísold:*
hjarta mitt við hjarta þitt.
munnur við munn;

*Tristan:*
samfléttuð tengsl
sama andardráttar;

*Bæði:*
sjón mín brestur
blinduð af sælu,
heimurinn bliknar
með glýju sinni:

*Isolde:*
die uns der Tag
trügend erhellt,

*Tristan:*
zu täuschendem Wahn
entgegengestellt,

*Beide:*
selbst dann
bin ich die Welt:
Wonne-hehrstes Weben,
Liebe-heiligstes Leben,
Nie-wieder-Erwachens
wahnlos
hold bewusster Wunsch.

*Brangäne (von der Zinne, unsichbar):*
Einsam wachend
in der Nacht,
wem der Traum
der Liebe lacht,
hab der Einen
Ruf in acht,
die den Schläfern
Schlimmes ahnt,
bange zum
Erwachen mahnt.
Habet acht!
Habet acht!
Bald entweicht die Nacht.

*Isolde:*
Lausch, Geliebter!

*Tristan:*
Lass mich sterben!

*Isolde:*
Neid'sche Wache!

*Tristan:*
Nie erwachen!

*Isolde:*
Doch der Tag
muss Tristan wecken?

*Tristan:*
Lass den Tag
dem Tode weichen!

*Ísold:*
heimurinn sem dagurinn
lýsir upp svo sviksamlega,

*Tristan:*
og stendur á móti
blekkingarórum,

*Bæði:*
jafnvel þá
er ég veröldin:
Sælugöfgasti vefur,
ástarhelgasta líf,
ósk laus við hugaróra,
yndislega meðvituð,
um að vakna aldrei aftur.

*Brangäne (frá brjóstvörninni, ósýnileg):*
Alein vaki ég
að næturþeli,
þið sem ástardraumurinn
brosir við,
gefið gætur að kalli
þeirrar einu
sem rennir grun í að
illt sé í vændum sofendunum,
og brýnir fyrir þeim
að vakna.
Gefið gætur!
Gefið gætur!
Brátt hverfur nóttin á braut.

*Ísold:*
Hlustaðu, hjartfólgni!

*Tristan:*
Leyf mér að deyja

*Ísold:*
Afbrýðissama vaktkona!

*Tristan:*
Aldrei að vakna!

*Ísold:*
En dagurinn hlýtur
að vekja Tristan?

*Tristan:*
Lát daginn
víkja fyrir dauðanum!

*Isolde:*
Tag und Tod
mit gleichen Streichen
sollten unsre
Lieb' erreichen?

*Tristan:*
Unsre Liebe?
Tristans Liebe?
Dein' und mein',
Isoldes Liebe?
Welches Todes Streichen
könnte je sie weichen?
Stünd' er vor mir,
der mächt'ge Tod,
wie er mir Leib
und Leben bedroht',
die ich so willig
der Liebe lasse,
wie wäre seinen Streichen
die Liebe selbst zu erreichen?
Stürb' ich nun ihr,
der so gern ich sterbe,
wie könnte die Liebe
mit mir sterben,
die ewig lebende
mit mir enden?
Doch stürbe nie seine Liebe,
wie stürbe dann Tristan
seiner Liebe?

*Isolde:*
Doch unsre Liebe,
heisst sie nicht Tristan
und --- Isolde?
Dies süsse Wörtlein: und,
was es bindet,
der Liebe Bund,
wenn Tristan stürb',
zerstört' es nicht der Tod?

*Tristan:*
Was stürbe dem Tod,
als was uns stört,
was Tristan wehrt,
Isolde immer zu lieben,
ewig ihr nur zu leben?

*Isolde:*
Doch dieses Wörtlein: und ---
wär' es zerstört,
wie anders als
mit Isoldes eignem Leben
wär' Tristan der Tod gegeben?

*Ísold:*
Ættu dagur og dauði
með sömu höggum
að ná til
ástar okkar?

*Tristan:*
Ást okkar?
Ást Tristans?
Þín og mín,
ást Ísoldar?
Fyrir hvaða dauðans höggum
mundi hún nokkurntíma víkja?
Ef hann stæði frammi fyrir mér,
hinn máttugi dauði,
hvernig sem hann hótaði
líkama mínum og lífi,
sem ég hef svo viljugur
eftirlátið ástinni,
hvernig gætu högg hans
náð til ástarinnar sjálfrar?
Ef ég nú dæi fyrir þá
sem ég dey svo gjarnan fyrir,
hvernig gæti ástin
dáið með mér,
sú sem lifir að eilífu
að enda með mér?
En ef ástin deyr aldrei,
hvernig gæti þá Tristan dáið
fyrir ást sína?

*Ísold:*
En ást okkar,
heitir hún ekki Tristan
og — Ísold?
Þetta ljúfa litla orð: „og“,
þar sem það bindur
ástarbandið.
ef Tristan skyldi deyja,
mundi dauðinn ekki slíta það?

*Tristan:*
Hvað gæti dáið dauðanum
nema það sem hindrar okkur,
það sem gæti varnað Tristan
frá að elska Ísold ávallt,
að lifa að eilífu aðeins fyrir hana?

*Ísold:*
En þetta litla orð: „og“ —
ef því væri tortímt,
hvernig gæti Tristan verið
gefinn dauðanum nema
með eigin lífi Ísoldar?

*Tristan:*
So stürben wir,
um ungetrennt,
ewig einig
ohne End',
ohn Erwachen,
ohn Erbangen,
namenlos
in Lieb' umfangen,
ganz uns selbst gegeben,
der Liebe nur zu leben!

*Isolde:*
So stürben wir,
um ungetrennt,

*Tristan:*
ewig einig
ohne End,

*Isolde:*
ohn Erwachen,

*Tristan:*
ohn Erbangen,

*Isolde:*
namenlos

*Beide:*
in Lieb' umfangen,
ganz uns selbst gegeben,
der Liebe nur zu leben!

*Brangäne*:
Habet Acht!
Habet Acht!
Schon weicht dem Tag die Nacht!

*Tristan:*
Soll ich lauschen?

*Isolde:*
Laß mich sterben!

*Tristan:*
Muß ich wachen?

*Isolde:*
Nie erwachen!

*Tristan:*
Soll der Tag
noch Tristan wecken?

*Tristan:*
Þannig myndum við deyja,
óaðskilin,
eilíflega sameinuð,
endalaust,
án þess að vakna,
án þess að óttast,
nafnlaus,
umvafin ást,
fullkomlega gefin hvort öðru,
til að lifa aðeins fyrir ástina!

Isold:
Þannig myndum við deyja
óaðskilin,

*Tristan:*
eilíflega sameinuð,
endalaust,

*Ísold:*
án þess að vakna,

*Tristan:*
án þess að óttast,

*Ísold:*
nafnlaus,

*Bæði:*
umvafin ást,
fullkomlega gefin hvort öðru,
til að lifa aðeins fyrir ástina!

Brangäne:
Gefið gætur!
Gefið gætur!
Nóttin er að víkja fyrir deginum!

*Tristan:*
Á ég að hlusta!

*Ísold:*
Lát mig deyja!

*Tristan:*
Verð ég að vaka?

*Ísold:*
Aldei að vakna!

*Tristan:*
Á dagurinn
að vekja Tristan á ný?

*Isolde:*
Laß den Tag
dem Tode weichen!

*Tristan:*
Des Tages Dräuen
nun trotzten wir so?

*Isolde:*
Seinem Trug ewig zu fliehn.

*Tristan:*
Sein dämmernder Schein
verscheuchte uns nie?

*Isolde:*
Ewig wär uns die Nacht!

*Beide:*
O ew'ge Nacht,
süße Nacht!
Hehr erhab'ne
Liebes-Nacht!

*Isolde:*
Wen du umfangen,

*Tristan:*
Wem du gelacht,

*Beide:*
wie – wär ohne Bangen
aus dir er je erwacht?
Nun banne das Bangen,
holder Tod,
sehnend verlangter
Liebestod!
In deinen Armen,
dir geweiht,
urheilig Erbarmen,
von Erwachens Not befreit!

*Tristan:*
Wie sie fassen,
wie sie lassen,
diese Wonne,

*Beide:*
fern der Sonne,
der Tage
Trennungsklage!

*Isolde:*
Ohne Wähnen,

*Ísold:*
Lát daginn
víkja fyrir dauðanum!

*Tristan:*
Bjóðum við þá
hótun dagsins byrginn?

*Ísold:*
Til að flýja svik hans að eilífu.

*Tristan:*
Skelfdi okkur aldrei
bjarmandi skin hans?

*Ísold:*
Eilíf skal okkur nóttin vera!

*Bæði:*
Ó eilífa nótt,
ljúfa nótt!
Dýrðlega upphafna
ástarnótt!

*Ísold:*
Sá sem þú umvafðir,

*Tristan:*
sá sem þú brostir við,

*Bæði:*
hvernig gæti hann nokkurntíma
vaknað út frá þér óttalaus?
Útskúfa þú óttanum,
góðfúsi dauði,
þú langþráði
ástardauði!
Í örmum þínum,
helguð þér,
ofurheilaga líkn,
leyst frá nauð þess að vakna!

*Tristan:*
Hvernig á að skilja,
hvernig á að skilja við
þessa sælu,

*Bæði:*
langt í burtu frá
aðskilnaðarkveinstöfum
sólar og daga!

*Ísold:*
Án hugaróra,

*Tristan:*
sanftes Sehnen;

*Isolde:*
ohne Bangen,

*Tristan:*
süß Verlangen;
ohne Wehen —

*Beide:*
hehr Vergehen;

*Isolde:*
ohne Schmachten

*Beide:*
hold Umnachten;

*Tristan:*
ohne Meiden,

*Beide:*
ohne Scheiden,
traut allein,
ewig heim,
in ungemess'nen Räumen
übersel'ges Träumen.

*Isolde:*
Du Isolde,
Tristan ich,
nicht mehr Isolde!

*Tristan:*
Du Tristan,
Isolde ich,
nicht mehr Tristan!

*Isolde:*
Ohne Nennen,
ohne Trennen,
neu Erkennen,
neu Entbrennen;

*Tristan:*
Ewig!
Endlos!

*Beide:*
endlos ewig
ein-bewußt:
heiß erglühter Brust
höchste Liebes-Lust!

*Richard Wagner*

*Tristan:*
blíð þrá,

*Ísold:*
án ótta,

*Tristan:*
ljúf löngun:
án þjáninga —

*Bæði:*
göfuga algleymi;

*Ísold:*
án örmögnunar,

*Bæði:*
yndislega næturmyrkur;

*Tristan:*
án þess að forðast,

*Bæði:*
án aðskilnaðar,
hugfangin tvö ein,
eilíft athvarf,
ofuralsælir draumar
í ómælanlegum geimum.

*Ísold:*
Þú ert Ísold,
ég er Tristan,
ekki lengur Ísold!

*Tristan:*
Þú ert Tristan,
ég er Ísold,
ekki lengur Tristan!

*Ísold:*
Án nafngifta,
án aðskilnaðar,
að þekkjast að nýju,
að brenna að nýju;

*Tristan:*
Eilíft!
Endalaust!

*Bæði:*
endalaust, eilíft,
með eina meðvitund,
æðsta ástarsæla
í rauðglóandi brjóstum!

*Reynir Axelsson þýddi*

# SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

**1. FIÐLA**
Sigrún Eðvaldsdóttir
Kirstine Schneider
Zbigniew Dubik
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir Skelton
Andrzej Kleina
Lin Wei
Laufey Jensdóttir
Sigrún Harðardóttir
Ísak Ríkharðsson
Joanna Bauer
Hildigunnur Halldórsdóttir
Ragnheiður Ingunn Jóhannsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Laufey Sigurðardóttir

**2. FIÐLA**
Gunnhildur Daðadóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Sólveig Steinþórsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Emma Garðarsdóttir
Ingrid Karlsdóttir
Sólrún Ylfa Ingimarsdóttir
Hekla Finnsdóttir
Pia Sundroos
Ólöf Þorvarðsdóttir
Greta Salóme Stefánsdóttir
Justyna Bidler

**VÍÓLA**
Þórunn Ósk Marinósdóttir
Rita Porfiris
Guðrún Þórarinsdóttir
Guðbjartur Hákonarson
Guðrún Hrund Harðardóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Svava Bernharðsdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Herdís Anna Jónsdóttir
Sarah Buckley

**SELLÓ**
Sigurgeir Agnarsson
Hrafnkell Orri Egilsson
Urh Mrak
Guðný Jónasdóttir
Júlía Mogensen
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Þórdís Gerður Jónsdóttir
Margrét Árnadóttir

**BASSI**
Xun Yang
T.C. Fitzgerald
Jacek Karwan
Richard Korn
Þórir Jóhannsson
Hávarður Tryggvason

**FLAUTA**
Rafael Adobas
Áshildur Haraldsdóttir
Caterina Compagno

**ÓBÓ**
Julia Hantschel
Matthías Nardeau
Peter Tompkins

**KLARÍNETT**
Grímur Helgason
Auður Edda Erlendsdóttir
Rúnar Óskarsson

**FAGOTT**
Clara Manaud
Brjánn Ingason
Bryndís Þórsdóttir

**HORN**
Ville Hiilivirta
Justin Mange
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Yi-Ling Shih
Jason Friedman

**TROMPET**
Zach Silberschlag
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

**BÁSÚNA**
Jón Arnar Einarsson
Sigurður Þorbergsson

**BASSABÁSÚNA**
David Bobroff

**TÚBA**
Itamar Elis

**HARPA**
Katie Buckley

**PÍANÓ**
Liam Kaplan

**PÁKUR**
Soraya Nayyar

**SLAGVERK**
Marco Santos
Eggert Pálsson
Steef van Oosterhout

---

**AÐALHLJÓMSVEITARSTJÓRI OG LISTRÆNN STJÓRNANDI**
**Eva Ollikainen**

**FRAMKVÆMDA- OG SKRIFSTOFUTEYMI**
**Guðni Tómasson**
framkvæmdastjóri
**Valdís Þorkelsdóttir**
viðburða- og skipulagsstjóri
**Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað**
verkefnastjóri viðburða
**Hjördís Ástráðsdóttir**
fræðslustjóri
**Tryggvi M. Baldvinsson**
listrænn ráðgjafi
**Jökull Torfason**
verkefnastjóri dagskrágerðar
**Margrét Ragnarsdóttir**
markaðs- og kynningarstjóri
**Kristín Björg Björnsdóttir**
markaðsfulltrúi
**Dagrún Hálfdánardóttir**
mannauðsstjóri
**Svanhvít Hrólfsdóttir**
fjármálastjóri
**Kristbjörg Clausen**
nótnavörður
**Althea Wetter**
umsjónarmaður nótna
**Sigþór J. Guðmundsson**
verkefnastjóri sviðs- og tæknimála
**Björk Björgúlfsdóttir**
sviðsmaður

**STJÓRN SÍ**
**Sigurður Hannesson**
formaður stjórnar
**Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir**
**Margrét Pálmadóttir**
**Emil Friðfinnsson**
**Ragnar Jónasson**

# Á DÖFINNI

## MOZART & BRUCKNER

**FIMMTUDAGUR 30. OKTÓBER KL. 19:30**
Noah Bendix-Balgley, konsertmeistari Fílharmóníusveitar Berlínar, leikur einleik í 5. fiðlukonsert W. A. Mozarts. Konsertinn er viðamestur allra fiðlukonserta Mozarts, leiftrandi af hugmyndaauðgi og leikgleði. Á síðari hluta tónleikanna heyrum við 7. sinfóníu austurríska tónskáldsins Antons Bruckners, en hún er talin einn af hornsteinum rómantískra hljómsveitarbókmennta. Stjórnandi tónleikanna er Eva Ollikainen, aðalhljómsveitarstjóri og listrænn stjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

## MUGISON OG SINFÓ

**FIMMTUDAGUR 6. NÓVEMBER OG FÖSTUDAGUR 7. NÓVEMBER KL. 19:00**
Mugison er einn af ástsælustu tónlistarmönnum þjóðarinnar og stígur nú í fyrsta sinn á svið með Sinfóníuhljómsveit Íslands undir stjórn Bjarna Frímanns Bjarnasonar. Saman ferðast Mugison og Sinfó um fjölbreyttan tónlistarheim hans sem er litaður af tilfinningum, dýpt og einstökum hljóðheimi. Tónleikarnir eru framhald á samstarfi hljómsveitarinnar og tónlistarhátíðarinnar Icelnad Airwaves.

## SHOSTAKOVITSJ & PROKOFÍEV

**FIMMTUDAGUR 13. NÓVEMBER KL. 19:30**
Heiðursstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Osmo Vänskä, ásamt hollenska fiðluleikaranum Lizu Ferschtman flytja okkur tvö stórvirki rússneskra tónbókmennta 20. aldar: Fyrsta fiðlukonsert Shostakovitsj, sem saminn var í skugga ofsókna stjórnvalda á hendur honum og 6. sinfóníu Prokofíevs sem samin var til minningar um fórnarlömb síðari heimstyrjaldarinnar. Á tónleikunum verður einnig Íslandsfrumflutningur á tónverkinu Elysium eftir tónskáldið Samy Moussa.

# AÐVENTUTÓNLEIKAR SINFÓNÍUNNAR

**4. DESEMBER** KL.19:30
**ELDBORG** HARPA

**FABIO BIONDI**
HLJÓMSVEITARSTJÓRI

**JULIA HANTSCHEL**
EINLEIKARI

Sinfóníuhljómsveit Íslands slær hátíðlegan takt í upphafi aðventu með komu ítalska hljómsveitarstjórans og fiðluleikarans Fabio Biondi. Hann er einn þekktasti stjórnandi samtímans á sviði tónlistar frá barokk- og klassíska tímanum og leiðir hér Sinfóníuna í efnisskrá sem inniheldur margar þekktar perlur úr tónbókmenntum fyrri tíma.

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

**MIÐASALA Í HÖRPU OG Á SINFONIA.IS**